



**Slökkvilið Norðurlands**  
**Norðurgarði 5. 640 Húsavík**  
[slokkvilid@nordurthing.is](mailto:slokkvilid@nordurthing.is)

**Húsavík 31.12.2025**

## **Ársskýrsla 2025**

Starfsemi slökkviliða er lögbundin þjónusta sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Sveitarfélögum ber að sjá um að starfsemi málaflokksins uppfylli þarfir samfélagsins hvað varðar búnað, aðstöðu og mannskapsumgjörð til þess að geta ráðið við þær áhættur sem í samfélaginu eru.

Starf slökkviliðsins er viðamikil og kemur að öllum þáttum viðbragðsþjónustu í okkar samfélagi. Til að geta staðið undir þeirri þjónustu, kröfum og væntingum sem samfélagið þarfnast og á rétt á að sé til taks þegar á þarf að halda krefst þess að hlúð sé vel að starfseminni svo hún geti sinnt skyldum sínum.

Starfssvæði slökkviliðsins nær að Klambraseli í Reykjahverfi og austan Jökulsár á fjöllum að Biskupshálsi. Til norðurs er svæðið óslitið 130 km. norður fyrir Ormarsá við Raufarhöfn.

Slökkvilið Norðurlands hefur yfir að ráða um 50 hlutastarfandi slökkviliðsmenn sem skiptast milli þriggja starfsstöðva. Á Húsavík eru 25 slökkviliðsmenn, á Kópaskeri eru 11 og á Raufarhöfn eru 14. Allar stöðvar liðsins eru nokkuð vel útbúnar og hafa til umráða búnað og mannskap til að sinna verkefnum og útköllum sem orðið geta á hverju svæði fyrir sig. Stöðin á Húsavík er bakland þeirra og sendur er mannskapur og búnaður frá henni í stærri verkefni á starfssvæðum liðsins á Kópaskeri og Raufarhöfn ef þörf er á.

Þrír fastir starfsmenn voru í fullu starfi hjá Slökkviliði Norðurlands fram í júní síðastliðinn, en þá sagði Grímur Kárasen upp störfum sem slökkviliðsstjóri. Var Henning Þór Aðalmondsson, þá varaslökkviliðsstjóri settur slökkviliðsstjóri og Kristján Ingi Jónsson, þá aðalvarðstjóri settur varaslökkviliðsstjóri. Ákveðið var að ráða ekki inn þriðja manninn að svo stöddu. Í lok árs sinntu fimm einstaklingar bakvöktum á Húsavík á móti föstum starfsmönnum liðsins. Þrír á bakvöktum hjá slökkviliðinu og tveir í sjúkraflutningum. Á Kópaskeri og Raufarhöfn eru samtals sex sem skipta á milli sín tveimur bakvöktum.

Áfram var unnið á árinu í leiðréttingum launa í samvinnu við stéttarfélag starfsmanna og náðu leiðréttingarnar þó nokkur ár aftur í tímann. Voru leiðréttingarnar umtalsverðar og kostnaðarsamar. Gert er ráð fyrir að öllum stærri launaleiðréttingum sé þar með lokið.

Slökkvilið Norðurlands sinnir í verktöku, samkvæmt samningi við HSN á Húsavík, mönnun á sjúkrabílum sem staðsettir eru á Húsavík. Samningurinn kveður á að slökkviliðið leggi til einn mann á bakvaktir og tvo á dagvaktir allan ársins hring. Þess utan sinnir slökkviliðið afleysingum þegar eftir því er óskað.

Vettvangsliðahópar á vegum liðsins eru á Kópaskeri og Raufarhöfn samkvæmt samkomulagi við HSN á Húsavík og sinna þeir útköllum til aðstoðar við sjúkrabíla á svæðinu norðan og austan Húsavíkur.

Slökkvilið Norðurlands sinnir viðbragðsþjónustu á iðnaðarsvæðinu á Bakka samkvæmt samningi við PCC BakkiSilicon og sjá starfsmenn liðsins um þjálfun starfsfólks fyrirtækisins m.a. í neyðarviðbrögðum, notkun handslökkvitækja, skyndihjálpi og rýmingum.

Samstarfssamningar eru í gildi við Slökkvilið Þingeyjarsveitar, Slökkvilið Akureyrar og Slökkvilið Langanesbyggðar um gagnkvæma aðstoð í stærri verkefnum og vegna skörunarsvæða liðanna s.b.r. 6. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.

Slökkviliðsstjóri Norðurlands sinnti 20 % stöðugildi starfsmanns almannavarnanefndarinnar þar til í júní sl. í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra samkvæmt samningi þar um við sveitarfélögin ellefu sem að nefndinni standa.

Helgina 14.-15. mars var haldin almannavarnaráðstefna á Húsavík á vegum almannavarnanefndarinnar í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Fjöldi fróðlegra erinda voru á ráðstefnunni.

Í byrjun sumars fóru Norðurþing og Akureyrarbær í samræður vegna hugsanlegs byggðarsamlags sveitafélaganna á NA landi. Varð nokkur óvissa innan liðsins, þar sem litlar upplýsingar fengust um hvaða áhrif fyrirhuguð breyting hefði á skipulag brunamála í Norðurþingi. Ekkert varð þó úr því samstarfi að sinni.


Á gamlárskvöld kviknaði umfangsmikill gróðureldur syðst í Skjólbrekku (Efri mel) upp af Húsavík, sennilegast af völdum flugelds. Snarræði slökkviliðsins kom í veg fyrir að eldurinn yrði alveg stjórnlaus og náðist stjórn á honum áður en útbreiðsla eldsins varð óviðráðanleg. Í útkallinu kom það nokkuð vel í ljós að búnaði slökkviliðsins til gróðurelda utan alfaraleiðar er þó nokkuð ábótavant. Brösulega gekk að komast að eldinum með allan þann búnað sem til þurfti. Í upphafi útkallsins varð ljóst að boða þyrfti út viðbótaraðstoð og var því kallað eftir aðstoð Slökkviliðs Þingeyjarsveitar með vatn og slöngulangir. Einnig var óskað eftir aðstoð Björgunarsveitarinnar Garðars með auka hendur og tækja aðstoð og eins til Vinnuvéla Eyþórs með haugsugu (vatn) og jarðvegstætara til að rjúfa framrás eldsins. Athugað var með að fá þyrli LHG með slökkviskjólu en það var ekki í boði á þessum tímapunkti. Er ljóst að efla þarf getu slökkviliðsins til að fást við gróðurelda, þar sem mörg svæði innan Norðurþings eru „púðurtunnur“ sem skapað geta mikla almanna hættu ef kviknar í.

Heildarfjöldi útkallsverkefna liðsins hefur nokkurn veginn staðið í stað milli árána 2024 og 2025 eftir að hafa dregist saman miðað við 2022 og 2023. Munaði þar mestu um mikla fækkun sjúkraflutningaverkefna milli árána 2023 og 2024. Verkefnum tengdum sjúkraflutningum fjölga örlítið milli ára eða úr 200 í 206. Slökkvitengd verkefni standa nánast í stað milli ára og verkefnum vettvangsliða á Kópaskeri fækka talsvert en standa í stað á Raufarhöfn.

Útkallsverkefnum sem sinnt var á árinu 2025 skiptast með þessum hætti.


- Verkefnum slökkviliðs þar sem um var að ræða útköll vegna elds, reykraestingar, brunaviðvörunarkerfa, efnaleka, klippuvinnu eða upphreinsunar fækkaði úr 31 árið 2024 í 29 árið 2025 eða um 6,5%.
- 206 útköllum vegna sjúkraflutninga var sinnt á árinu 2025 en þau voru 200 árið 2024. Af þessum fjölda sinntu starfsmenn slökkviliðs 63 verkefnum á dagvinnutíma.
- Vettvangsliðahópar liðsins á Kópaskeri og Raufarhöfn sinntu 22 útköllum á árinu 2025 sem er fækkun verkefna um 29 % á milli ára og skiptust útköllinn þannig á milli hópanna að vettvangsliðar á Kópaskeri sinntu 6 útköllum og vettvangsliðar á Raufarhöfn 16.

Útkallsverkefnum fækka í heildina örlítið milli ára. Mesta fækkun er hjá vettvangsliðum á Kópaskeri en að öðru leiti stendur fjöldi verkefna nokkurn veginn í stað.




Þessi verkefni eru í greiddum útkallstímum 1.880 klst en virkur vinnutími í útköllum er 1.175 klst.

**Unninn tími í útköllum ársins jafngildir 149 virkum átta tíma vinnudögum og miðað við útkallsfjölda ársins er því einhver starfsmaður liðsins að sinna 0,58 útkallsverkefni að meðaltali á hverjum virkum degi ársins.**




**Heildarfjöldi útkalla á liðið stóð nánast í stað á milli 2024 og 2025. Þó var örlítill fækkun útkalla eða um 1,5%.**



**Útköll eru flokkuð eftir alvarleika. F1 og F2 útköll, sem eru mestu forgangsútköllin og eru þau 42,2 % af öllum útköllum liðsins á árinu.**



**Af þeim fjölda útkalla á sjúkrabíl sem starfsmenn slökkviliðsins sinntu á árinu voru 31% á dagvinnutíma en 69% útkalla var sinnt á bakvakt.**



**Útkallsverkefni liðsins dreifast misjafnt á mánuði en allar einingar liðsins sinna nánast einhverjum verkefnum í hverjum einasta mánuði á árinu.**

#### Ýmis verkefni.

Slökkviliðið hefur skyldum að gegna í aðgerðastjórnun almannavarna í umdæminu samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82. frá 12.júní/2008. Aðgerðastjórnstöð almannavarna sem er staðsett í slökkvistöðinni var virkjuð nokkrum sinnum á árinu vegna ýmissa verkefna.

Talsvert var leitað eftir aðstoð liðsins á árinu vegna upphreinsunar þar sem spillefni höfðu farið niður. Einnig var óskað nokkrum sinnum eftir aðstoð liðsins vegna vatnsleka.

Ástand brunahana í sveitarfélaginu er almennt gott, góður þrýstingur er á kerfinu og vatnsmagn flestra brunahana mjög gott. Allir brunahanar sveitarfélagsins eru prófaðir reglulega, bæði þrýstingsprófaðir og vatnsmældir. Niðurstöður úr þessum prófunum eru sendar Orkuveitu Húsavíkur sem sér um viðgerðir og skiptir út biluðum og ónýtum brunahönum. Orkuveita Húsavíkur keypti á árinu nýjan mæli til að þrýsti- og rennismæla brunahana sveitarfélagsins. Var í kjölfarið tekið áttak í mælingum og náðist að mæla um helming brunahana sveitarfélagsins á árinu.

Slökkvilið Norðurbings sinnti jafnframt brunahanamælingum í nágretta sveitarfélögum, Langanesbyggð, Þingeyjasveit og Grenivík.

Einnig framkvæmdi slökkviliðið loftgæðamælingar (á öndunarloftspressum) hjá Slökkviliði Langanesbyggðar, Slökkviliði Þingeyjarsveitar og Slökkviliði Akureyrar.

#### Eldvarnareftirlit.

Á áætlun ársins 2025 voru 66 mannvirki á skoðunaráætlun. Náðist að skoða u.þ.b. 70% af þeim skoðunum, en vegna manneklu og verkefnastöðu náðist ekki að klára allar skoðanirnar.

Framkvæmdar voru 14 öryggis og lokaúttektir, 30 umsagnir veittar og yfirfarnar voru 13 teikningar.

Eldvarnareftirlitið á starfssvæði liðsins er viðamikil og eru um 300 skoðanaskildir staðir á svæðinu sem suma þarf að skoða árlega, en aðra fjórða hvert ár.

Reikna má með að um 85-90 % stöðugildi þurfi til að sinna eldvarnareftirliti sem skildi en eldvarnareftirlit er hluti lögbodinna verkefna sveitarfélagsins.

Reglubundið eldvarnareftirlit og eftirfylgni þeirra skoðana sem framkvæmdar eru á hverju ári hafa gríðarlega mikið forvarnargildi og stuðla að fækkun eldsvoða, heilsu- og eignatjóns sem hlotist geta af eldsvoðum í þeim samfélögum þar sem eftirlitinu er sinnt sem skildi. Markmið slökkviliðsins er að sinna, hér eftir sem hingað til, eftirlitinu í samræmi við útgefna skoðunaráætlun hvers árs og lögbundnar skyldur sveitarfélagsins.

**Skoðunaráætlun eldvarnareftirlitsins fyrir árið 2026 verður birt á heimasíðu sveitafélagsins innan skamms.**

#### **Æfingar.**

Alls voru haldnar 33 æfingar á árinu, 18 æfingar á Húsavík, 7 á Kópaskeri og 8 á Raufarhöfn. Var reynt eftir fremsta megni að láta æfingaáætlun ársins standast. Æfingarnar á Húsavík voru rétt umfram æfingaráætlun, þar sem verið var að halda sér æfingar fyrir nýnema slökkviliðsins. Ein æfing á Kópaskeri féll niður vegna veðurs og dræmrar þátttöku.

Slökkviliðsmenn þurfa að lágmarki að æfa 20 klukkustundir á ári til að viðhalda starfsréttindum sínum. Reykkafarar liðsins þurfa á hverju 12 mánaða tímabili að vera með skráðar á sig 6 æfingar og að lágmarki 3 klst. í virkri reykköfun. Jafnframt þurfa reykkafarar að hafa undirgengist læknisskoðun og staðist þol og þrekpróf til að viðhalda reykköfunarréttindum. 9 slökkviliðsmenn liðsins uppfylla nú skilyrði til reykköfunar og 3 til viðbótar verða klárir til reykköfunar á næstu vikum.

Aðrar æfingar voru ýmist haldnar á æfingasvæði liðsins eða annars staðar innanbæjar á Húsavík, t.d. var stór efnaköfunaræfing á athafnasvæði Eimskips sem gekk ljómandi vel. Reykkafarar æfðu víða innanbæjar, sem og einnig um borð í varðskipinu Freyju sem kom óvænt til Húsavíkur í desember. Vatnsöflunar- og körfubílaæfingar voru einnig reglulega haldnar. Stór allsherjar æfing var haldin í stjórnsýsluhúsinu að Ketilsbraut, þar sem allt liðið og allur tækjaflotinn var æfður samtímis.

Vatnsöflunar- og klippiæfingar voru haldnar bæði á Kópaskeri og Raufarhöfn.

#### **Námskeið.**

- Einn einstaklingur lauk framhaldsnámi í sjúkraflutningum á vegum liðsins á árinu.
- Vettvangsliðar á vegum liðsins sóttu endurmenntun í meðhöndlun slysa- og áverkasjúklinga, auk endurlífgunar.
- Á árinu luku sex nýliðar þjálfun slökkviliðsmanns. Tvö þeirra sem almennir slökkviliðsmenn (slöngulagnir og dælustjórn) og fjórir með reykköfunarréttindi.

#### **Forvarnarstarf.**

Slökkviliðið tók þátt í forvarnarstarfi á landsvísu, sem fólst meðal annars í heimsóknum í leik- og grunnskóla sveitafélagsins.

Slökkviliðið hafði frumkvæði að því að fá inni á jólatorginu á aðventunni og var þar með til sölu slökkvitæki og reykskynjara í samstarfi við Garðarshólma og Heimamenn. Þar kom hann vinur okkar Björnir brunabangi í heimsókn og heillaði ungu kynslóðina með nærveru sinni.

**Henning Þór Aðalmondsson**  
**Slökkviliðsstjóri Norðurlþings**

